

388. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 20. maí 2026 kl. 16:00.



Mættir: Willum Þór Þórsson forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson gjaldkeri, Anton Sveinn McKee, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurjón Sigurðsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Teams: Hafsteinn Pálsson, Heimir Örn Árnason, Trausti Gylfason, Þórdís Anna Gylfadóttir og Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti.

Forföll: Elsa Nielsen, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Viðar Garðarsson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fjármál

Forseti bauð velkomna á fundinn Söru Hennýju H. Arnbjörnsdóttur frá PWC, endurskoðendum ÍSÍ. Sara Henný fór yfir endurskoðunarskýrslu PWC og áherslur í endurskoðun fyrirtækisins. Ekkert kom upp í endurskoðuninni sem hafði áhrif á áritunina og er hún fyrirvaralaus. Sara fór yfir áhersluatriði, áhættur og innra eftirlit, skilgreiningu og niðurstöðu.

Hún þakkaði starsfólki og stjórnendum fyrir gott samstarf við endurskoðunina.

Umræður urðu um aðgreiningu starfa, bókhald og greiðsluaðila.

Forseti þakkaði Söru fyrir greinargóða kynningu á endurskoðunarskýrslunni og þeim áherslum sem hún endurspeglar. Hann þakkaði Söru og PWC fyrir góð samskipti á endurskoðunartímanum.

1.01 Ársreikningur ÍSÍ 2025

Daníel Jakobsson gjaldkeri ÍSÍ fór yfir ársreikning ÍSÍ fyrir árið 2025, helstu liði og skýringar. Umfang reksturs hefur aukist mikið með tilkomu svæðisstöðva íþróttahéraða. Enn er óvissa með það verkefni í framtíðinni en finna þarf sem hentugast fyrirkomulag varðandi fjármál og rekstur. Verkefnið er rekið í samstarfi við UMFÍ.

Reksturinn er jákvæður, sem er vel en ýmsir þættir í ársreikningi ÍSÍ hafa áhrif á niðurstöðuna að þessu sinni, svo sem framlög til viðhalds- og byggingarsjóðs o.fl.

Almennar umræður urðu um einstaka liði ársreikningsins, fyrirkomulag þátta í bókhaldi, aukið umfang og aðra fjármálalega þætti.

Ársreikningurinn borinn upp til afgreiðslu og samþykktur samhljóða.

1.02 Fjárhagsáætlun 2026

Daníel Jakobsson lagði fram og fór yfir uppfærða afkomuspá reksturs ÍSÍ 2026.

Fjárhagsáætlunin fyrir 2026 var samþykkt á Íþróttapingi árið 2025.

Framlög frá ríki og atvinnulífi hafa ekki verið í takt við fjárhagsáætlun.

Rætt um fyrirkomulag varðandi framlagningu fjárhagsáætlunar á Íþróttapingum og hugmyndir að öðru fyrirkomulagi um framlagningu áætlana, t.d. á Formannafundum ÍSÍ.

2. Starfsemisyfirlit:

2.01 Samantekt skrifstofu.

Lögð fram.

Umræður og fyrirspurnir urðu um einstaka liði samantektarinnar.

2.02 Samantekt svæðisstöðva.

Lögð fram 6 mánaða skýrsla frá svæðisstöðvunum.

2.03 Heiðursviðurkenningar sem samþykktar voru með rafrænum hætti á milli funda

Rafrænar ákvarðanir um heiðranir sem framkvæmdastjórn ÍSÍ afgreiddi á milli funda skráðar hér formlega í fundargerð:

- UMSK – Samþykkt að sæma Ásgeir Baldurs, fráfarandi formann Umf. Breiðabliks Gullmerki ÍSÍ. Merkið var afhent á aðalfundi Breiðabliks.
- HSÍ – Samþykkt að sæma Róbert Geir Gíslason, fyrrverandi framkvæmdastjóra sambandsins Gullmerki ÍSÍ. Merkið átti að afhenda á ársþingi HSÍ 2026 en Róbert Geir komst ekki til þings. Verður fundið annað tilefni til afhendingar.

2.04 Bréf ÍSÍ til GSÍ vegna aðildarmála

Lagt fram, til upplýsingar, afrit af bréfi Helgu Þórðardóttur lögfræðings ÍSÍ til GSÍ, til skýringar á ákvæði í lögum ÍSÍ um félagsaðildir í íþróttahreyfingunni. Ákvæðið verður til skoðunar fyrir næsta Íþróttahring með hliðsjón af málum sem hafa komið upp á milli þinga og ætla má að gerðar verði einhverjar breytingar á ákvæðinu.

2.05 Upplýsingar tengdar dómstólum

Lagt fram minnisblað Helgu Þórðardóttur lögfræðings ÍSÍ varðandi helstu atriði í dómi Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli nr. 1/2026.

2.06 Þakkarbréf frá UDN í kjölfar ársþings

Lagt fram.

2.07 Ársskýrsla Ólympíusamhjalparinnar

Lögð fram.

2.08 Fundargerð Heiðursráðs ÍSÍ frá 13. maí sl.

Lögð fram.

3. Stefnumótun

Kári Mímísson formaður Stefnumótunarráðs fór yfir stöðu mála. Ráðið fundaði í dag og var þar meðal annars farið yfir niðurstöður frá vinnustofum. Nú er komið að næsta fasa stefnumótunarinnar. Stjórnir ÍSÍ og UMFÍ verða saman á stefnumótunarfundi 5. júní nk.

4. Starfsskýrslur íþróttahreyfingarinnar

Lagður fram listi yfir félög sem eru í vanskilum með skil á starfsskýrslu í skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ og hafa ekki samið um stuttan viðbótarfrest. Um er að ræða ríflega 50 félög.

Samþykkt að tilkynna viðkomandi félögum um lokafrest til 1. júní nk. Að honum loknum þá mun ÍSÍ beita keppnisbanni gagnvart þeim félögum sem enn verða í vanskilum, með tilvísun í 8. grein laga ÍSÍ, frá og með 1. júní og þar til skil hafa átt sér stað. Vísað til skrifstofu til afgreiðslu.

5. Stjórnarsáttmálaráð – Staða samþykktar Íþróttapings ÍSí 2025

Ragnheiður Ríkharðsdóttir formaður ráðsins fór yfir stöðu mála. Hún ítrekaði innheimtu á stöðuskýrslum frá nefndum og vinnuhópum varðandi samþykktir Íþróttapings ÍSí. Málið verður aftur á dagskrá á fundi framkvæmdastjórnar í júní.

6. Erindi

6.01 Ályktun aðalfundar KRFÍ / Kynjapróf

Tekin fyrir ályktun aðalfundar Kvenréttindafélags Íslands þar sem farið er fram á að ÍSí mótmæli reglum IOC varðandi kynjapróf.

IOC mun halda fjarfund með ólympíunefndum heims 29. júní nk. þar sem farið yfir þetta mál. ÍSí mun taka þátt í þeim fundi.

Samþykkt að vísa ályktuninni til stjórnar AMÍ og velferðarráðs ÍSí til umfjöllunar.

Skrifstofa mun upplýsa Kvenréttindafélag Íslands um stöðu mála og að ÍSí bíði með að svara erindinu formlega fram yfir upplýsingafund IOC.

6.02 Erindi frá Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins / Áfengisveitingar

Tekið fyrir erindi frá Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins þar sem tilkynnt er um ályktun aðalfundar félagsins varðandi áfengisveitingar á íþróttaviðburðum. Í ályktuninni er m.a. hvatt til þess að íþróttafélög, sveitarfélög og aðrir hagaðilar endurmeti afstöðu sína og tryggi að íþróttastarf og íþróttaviðburðir verði áfram áfengislausir, í þágu lýðheilsu og framtíðarkynslóða.

Umræður urðu um málið.

Samþykkt að senda bréf til íþróttafélaga og e.t.v. einnig sveitarfélaga, með almennum tilmælum varðandi málið.

6.03 Erindi frá Byggðaráði Norðurlþings / Ferðakostnaður

Lögð fram niðurstaða byggðaráðs Norðurlþings varðandi umfjöllun um áskorun KSÍ til yfirvalda íþróttamála og sveitarfélaga varðandi ferðakostnað.

6.04 Erindi IOC vegna Belarús og þátttöku í íþróttaviðburðum

Lagðar fram upplýsingar frá IOC þar sem tilkynnt er að IOC hafi aflétt banni af keppendum Belarús í alþjóðastarfi íþróttar.

Norðurlandþjóðirnar eru enn með sameiginlega yfirlýsingu í gildi og verður hún á dagskrá á Nordic Sports Meeting sem haldinn verður á Íslandi í september nk.

Samþykkt að ræða betur á ágústfundi framkvæmdastjórnar.

6.05 Erindi Ólympíunefndar Liechtenstein vegna Smáþjóðaleika

Lagt fram erindi frá Ólympíunefnd Liechtenstein þar sem óskað er eftir því að Liechtenstein fái að sækja um gestgjafahlutverkið fyrir Smáþjóðaleikana árið 2035, vegna merkisafmælis nefndarinnar. Í raun ætti Ísland að vera gestgjafi leikanna þá og Liechtenstein árið 2033 en með þessu yrði tímaröðuninni breytt.

Samþykkt samhljóða að skipta við Ólympíunefnd Liechtenstein. ÍSí þarf að skila inn umsóknarbréfi til GSSE á aðalfundi samtakanna á næsta ári, með stuðningi Reykjavíkurborgar og stjórnvalda.

7. Ársþing sambandsaðila

Ársþingi ÍS var frestað af ýmsum orsökum. Framhaldsþing verður haldið í byrjun júní. Almennar umræður urðu um einstök þing, fyrirkomulag og framkvæmd.

8. Til afgreiðslu:

8.01 Reglur um nöfn íþróttafélaga

Engar efnislegar breytingar voru gerðar á reglunum en bætt var við texta í lok reglnanna þar sem fram kemur um hverja reglurnar gilda, til að fyrirbyggja misskilning. Skrifstofu falið að birta uppfært skjal á heimasíðu ÍSÍ.

8.02 Fundargerð 387. fundar framkvæmdastjórnar

Lögð fram og samþykkt.

8.03 Fundargerð laganefndar ÍSÍ

Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála, sbr. fundargerð, samþykktar.

8.04 Fundargerð Afrekssjóðs ÍSÍ

Þórey Edda Elísdóttir fylgdi eftir tillögum Afrekssjóðs ÍSÍ um niðurfellingar og styrkveitingar. Tillögur Afrekssjóðs, sbr. fundargerð, samþykktar. Ragnheiður Ríkharðsdóttir sat hjá í ákvörðun um breytingar varðandi HSÍ í tölulið 2.

9. Viðburðir

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

10. Næstu fundir

Næstu fundir verða miðvikudaginn 24. júní og miðvikudaginn 19. ágúst nk.

Að auki verður sérstakur stefnumótunarfundur með stjórn UMFÍ föstudaginn 5. júní nk.

11. Önnur mál

11.01 Vígsla frjálsíþróttavallar á Hrollaugsstöðum í Suðursveit

Stefnt er að vígslu frjálsíþróttavallar á Hrollaugsstöðum í Suðursveit í júnímánuði.

Við sama tilefni verður Ólympíudagurinn haldinn hátíðlegur á Hrollaugsstöðum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir